

Ed.

809. Frumvarp til laga

[80. mál]

um sölu notaðra lausafjármuna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar skráður og verðmerktur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, söludag o. s. frv.

7. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

8. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.